



# Sjálfsmatsáætlun

## Menntaskólans í Reykjavík

### 2017 - 2018

## Efnisyfirlit

1.	Inngangur .....	1
1.1	Stefnuskrá, markmið og leiðir .....	1
2.	Sjálfsmat .....	3
2.1	Sjálfsmatsáætlun 2017-2018 .....	3
2.1.1	Samantekt jólaprófa .....	3
2.1.2	Kennslukönnun.....	4
2.1.3	Aðrar athuganir og kannanir.....	4
2.2.	Sjálfsmatsáætlun næstu skólaára .....	4
2.2.1	Tímaáætlun um viðfangsefni innra mats .....	5
3.	Lokaorð .....	5

## 1. Inngangur

Samkvæmt VII. kafla laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, ber hverjum framhaldsskóla að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Þar er bæði átt við stjórnun, kennslu og aðra þjónustu innan skólans sem og ytri tengsl við önnur skólástig og nærsamfélagið. Farið skal yfir alla þætti skólastarfsins á ákveðnu árabili og gerð umbótaáætlun sem komið verði í framkvæmd.

Í Menntaskólanum í Reykjavík er gæðanefnd skipuð rektor, konrektor, kennslustjóra, gæðastjóra og fulltrúum fagstjóra. Gæðastjóri og kennslustjóri skipuleggja og stýra sjálfsmati skólans. Skólinn birtir á heimasíðu sinni allar upplýsingar um innra og ytra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

### 1.1 Stefnuskrá, markmið og leiðir

Menntaskólinn í Reykjavík kappkostar að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi, efla þroska þeirra og gagnrýna hugsun, umburðarlyndi og víðsýni. Stuðlað er að því að nemendur taki ábyrga afstöðu til jafnréttis, mannréttinda og umhverfismála og einnig er leitast við að gera nemendur meðvitaða um ábyrgð hvers og eins á sjálfbærum lifnaðarháttum.

Skólinn er bóknámsskóli og því er lögð áhersla á að nemendur séu hæfir til að takast á við háskólanám hvort heldur er innan lands eða erlendis að loknu stúdentsprófi.

Með markvissri kennslu, miklum en raunsæjum kröfum og öguðum vinnubrögðum leitast skólinn við gera nemendum ljóst sambandið milli árangurs og erfiðis og í náminu eru þjálfuð jafnt sjálfstæð vinnubrögð sem og samvinna.

Menntaskólinn í Reykjavík vinnur í anda heilsueflandi framhaldsskóla í samvinnu við embætti landlæknis. Markmiðið með verkefninu er að stuðla markvisst að líkamlegu og andlegu heilbrigði og velferð framhaldsskólanema.

Menntaskólinn í Reykjavík leggur mikla áherslu á vísindalæsi nemenda og færni þeirra og hæfni í verklegum þætti vísindagreina. Skólinn hefur vel útbúna aðstöðu til verklegrar kennslu á sviði raunvísinda þar sem lögð er áhersla á virka þátttöku nemenda.

Menntaskólinn í Reykjavík leggur einnig mikið kapp á að kynna nemendum sínum menningarleg verðmæti á sviði erlendra tungumála, bókmennta og lista, innlendra jafnt sem erlendra, og leitast við að gera þeim kleift að taka virkan þátt í margvíslegu menningarstarfi.

Með þjálfun menningar- og vísindalæsis leggur skólinn grunn að öflugri sköpun innan margvíslegra fræðigreina, um leið og hann leitast við að efla heilbrigða dómgreind og verðmætamat nemenda sinna. Menntaskólinn í Reykjavík leggur einnig áherslu á að nemendur nýti sér þá miklu möguleika sem upplýsingatækni býður upp á.

Með fræðslu sinni, kröfum og handleiðslu vill skólinn efla þekkingarleit nemenda og gera þá virka og áhugasama um áframhaldandi menntun.

Skólinn leggur áherslu á að búa nemendur vel undir virka þátttöku í þjóðfélaginu og að efla ábyrgðarkennd þeirra gagnvart einstaklingum, fjölskyldu og samfélagi.

Í fjölbreyttu félagsstarfi styður skólinn við alhliða félagsþroska og jafnréttisvitund nemendanna. Þar fá þeir tækifæri til þess að bera margvíslega ábyrgð, taka sjálfstæðar ákvarðanir, vinna saman, sýna umburðarlyndi og skilning og láta skoðanir sínar í ljós. Í skólanum fá nemendur tækifæri til þess að uppgötva, þroska, efla og nýta ótal hæfileika. Boðið er upp á fræðslu og námskeið til að stuðla að bættri sjálfsmynd og almennri vellíðan í skólanum.

Hlutverk Menntaskólans í Reykjavík, samkvæmt skólasamningi við menntamálaráðuneytið, er að bjóða upp á bóklegt nám til stúdentsprófs á tveimur námsbrautum, mála- og náttúrufræðibraut.

Skólinn hefur kappkostað að aðstoða nemendur við ástundun náms og tekið virkan þátt í því verkefni að sporna gegn brottfalli. Þar má nefna aukna námsráðgjöf, öflugt starf umsjónarkennara og framboð stoðtíma þar sem nemendum standa til boða aukatímar í þeim námsgreinum þar sem flestir þurfa aðstoð. Þetta framtak hefur tekist afar vel og teljast brottfallsnemendur skólans vera á bilinu 0-1% samkvæmt skilgreiningu Hagstofunnar en í meðfylgjandi töflu kemur fram hversu mjög námsframvinda nemenda skólans hefur batnað á undanförunum árum:

Haust	Innritun	Fjöldi í vorpróf	Fall á prófum	%	Hætta í MR eða falla á árinu	%
2002	779	757	88	11,60%	110	14,10%
2003	814	785	47	6,00%	76	9,30%
2004	840	826	53	6,40%	67	8,00%
2005	850	825	23	2,80%	48	5,60%
2006	865	852	65	7,60%	78	9,00%
2007	877	861	45	5,20%	61	7,00%
2008	853	845	41	4,90%	49	5,70%
2009	908	891	41	4,60%	58	6,40%
2010	876	863	47	5,40%	60	6,85%
2011	894	863	47	5,40%	78	8,72%
2012	919	910	54	5,90%	63	6,86%
2013	897	867	44	5,07%	74	8,25%
2014	903	877	42	4,79%	68	7,53%
2015	871	851	46	5,41%	66	7,58%
2016	851	836	50	5,98%	65	7,64%
2017	855					

Í upphafi skólaárs 2017-18 voru innritaðir nemendur 855, þar af voru 127 eða 15% á málabraut og 728 eða 85% á náttúrufræðibraut. Þetta er svipuð skipting og undanfarin ár. Kynjaskipting er stúlkunum í vil en við skólann voru 60% nemenda stúlkur og 40% piltar.

Skólaárið 2017-18 eru starfsmenn skólans 94, þar af 74 kennarar, 3 yfirstjórnendur (þeir sinna einnig kennslu), 1 skrifstofustjóri, 2 námsráðgjafar, 2 bókasafnsfræðingar, 2 á skrifstofu (annar þeirra er einnig bókasafnsfræðingur), 1 umsjónarmaður fasteigna, 1 með umsjón viðhalds, 1 með umsjón mötuneytis, 1 hjúkrunarfræðingur, 3 með ræstingar og 3 með sérverkefni (umsjón með heimasíðu, með námskerfi og með umsjón brottfallsverkefna). Kynjaskipting er nokkuð jöfn í starfsmannahópnum, 52 konur og 42 karl.

Menntunarstig kennara er hátt en 5 þeirra eru með doktorspróf og 35 með meistarapróf. Fjórir leiðbeinendur eru með undanþágu til kennslu í vetur og 5 aðrir eru án kennsluréttinda og kenna þeir 6 vikustundir eða færri og venjulega val. Aðrir kennarar hafa kennsluréttindi.

## 2. Sjálfsmat

Innra mat Menntaskólans í Reykjavík er lögboðið mat og markmið þess er einkum að bæta skólastarfið, auka vellíðan nemenda og starfsfólks í skólanum og gera hagsmunaaðilum skólastarfið sýnilegra. Sjálfsmat skólans er í stöðugri þróun en ákveðnir matsþættir fara fram árlega. Þar má nefna námsárangur á jólaþrófum og kennslukönnun þar sem leitast er við að skoða sem flesta þætti kennslu svo sem kennsluhætti, starfsþróun og fagmennsku auk annarrar þjónustu skólans.

Farið er eftir fimm ára verkáætlun til þess að ná til og greina alla þætti skólastarfsins á að minnsta kosti fimm ára fresti og þá sérstaklega með tilliti til notkunar á námsnetinu. Skólaárið 2017-2018 verður auk ofangreindra þátta farið yfir umbótaáðgerðir og lögð verður fyrir könnun fyrir starfsfólk um líðan, þarfir og starfsanda og sérstök rannsókn verður gerð á álagi kennara í starfi. Einnig verður send könnun til forráðamanna nýnema

Fagstjórar allra deilda verða kallaðir á fund í október 2017 með gæðastjóra og gæðanefnd þar sem farið verður yfir niðurstöður kannana fyrra árs og leiðir fundnar til úrbóta. Einnig verða undirbúnar rannsóknir vetrarins sem verða bæði eiginlegar og meginlegar.

Við allar þessar rannsóknir verður lögð áhersla á að starfið sé skipulagt og faglegt með það að markmiði að niðurstöður skili sér í umbótum til hagsbóta fyrir alla hlutaðeigandi.

### 2.1 Sjálfsmatsáætlun 2017-2018

#### 2.1.1 Samantekt jólaþrófa

Á hverju ári eru niðurstöður jólaþrófa teknar saman og námsárangur metinn og síðan kynntur á kennarafundi í byrjun vormisseris. Niðurstöðurnar gera stjórnendum og kennurum kleift að bera saman bekkji í einstökum greinum, greinar hjá einstökum bekkjum og jafnvel bera saman

niðurstöður og fall miðað við fyrri ár. Niðurstöður jólaþróa eru svo teknar fyrir í einstaklingsviðtölum umsjónarkennara við umsjónarnemendur sína og sjónum ekki síst beint að þeim sem hefur gengið illa og þeim bent á leiðir til úrbóta.

### 2.1.2 Kennslukönnun

Kennslukönnunin verður gerð á meðal allra nemenda. Könnunin er a.m.k. tvíþætt. Í I. hluta hennar svara nemendur spurningum um kennslu, kennsluhætti, agamál, skráningar kennara á Námsnetið og þess háttar fyrir hverja námsgrein sem þeir eru í. II. hluti hennar vísar að öðru en því sem beinlínis viðkemur kennslu og kennsluháttum. Veturinn 2017-2018 átti að kanna aðbúnað nemenda en þar sem könnun um aðbúnað var framkvæmd vorið 2017 verður hún ekki gerð. Þess í stað verður álag nemenda tekið til athugunar og hvernig það hefur áhrif á tómsundur, íþróttir og annað sem nemendur stunda utan skólans.

Spurningar kennslukönnunarinnar eru endurskoðaðar á hverju ári með það að markmiði að gera þær þannig úr garði að svörin verði sem marktækust og að auðvelt sé að greina niðurstöður könnunarinnar. Jafnframt er þess gætt að skólanámskrá sé ætíð höfð að leiðarljósi.

Þegar niðurstöður kennslukönnunarinnar liggja fyrir tekur rektor viðtöl við alla nýja kennara og aðra kennara eftir þörfum. Almenni hluti kennslukönnunarinnar er greindur og reynt er að bregðast við ef í ljós kemur að þeim þætti starfsins, sem skoðaður var, er ábótavant.

### 2.1.3 Aðrar athuganir og kannanir

Haustið 2017 mun gæðastjóri hvetja til starfendarannsóknna. Í byrjun október verður haldinn fundur þar sem fagstjórar deilda verða beðnir að leiða það starf í sínum deildum. Rannsóknir þessar verða megindelegar og eigindlegar. Loks verða gerðar áætlanir um umbætur á þeim þáttum þar sem því verður komið við.

Vorið 2018 verður gerð könnun meðal forráðamanna nýnema í 4.bekk. Þessi könnun er mikilvægur þáttur í samstarfi heimila og skóla. Gæðastjóri ásamt umsjónarkennurum 4. bekkja mun útbúa könnunina.

Könnun verður gerð á líðan og þörfum starfsfólks.

## 2.2 Sjálfsmatsáætlun næstu skólaára

Í lögum og reglum um innra mat skóla kemur fram að skólanámskráin er grundvöllur gæðamatsins og verður hún því ætíð höfð til hliðsjónar við gerð matsins.

Í kafla 2.2.1 hér fyrir aftan er birt tímaáætlun um viðfangsefni innra mats Menntaskólans í Reykjavík á næstu fimm árum. Sjálfsmat Menntaskólans í Reykjavík hefur fest sig í sessi með hefðbundnum verkefnum á sviði gæðamats og einnig bætast við ný verkefni árlega.

Skólaárið 2017-18 munu ýmsar rannsóknir eiga sér stað. Starfshópar sem búa til matsspurningar og setja upp viðmið verða skipaðir á fundi gæðastjóra og fagstjóra. Rannsóknum þessum verður

síðan fylgt eftir með umbótum þar sem starfið gæti farið betur. Sumar þessara rannsókna ná til lengri tíma en eins árs til að fá samanburð milli ára.

### 2.2.1 Tímaáætlun um viðfangsefni innra mats

Hér fyrir neðan er tímaáætlun Menntaskólans í Reykjavík um helstu viðfangsefni innra mats á næstu fimm árum eða árin 2017 - 2022:

Viðfangsefni sjálfsmats	2017-2018	2018-2019	2019-2020	2020-2021	2021-2022
Skólanámskrá - s.s. stefna, markmið, inntak náms og námsmat				X	
Starfsáætlun s.s. skipulag, verkferlar, skólareglur og stoðþjónusta		X			X
Nám og námsárangur	X	X	X	X	X
Nemendur - líðan, þarfir, starfsandi og samstarf					X
Kennsla - kennsluhættir, starfsþróun og fagmennska	X	X	X	X	X
Starfsfólk - líðan, þarfir, starfsandi, samstarf	X	X	X		
Stjórnun		X		X	
Viðmót og menning skóla	X		X		
Aðbúnaður	X			X	
Samstarf heimila og skóla	X		X		X
Ytri tengsl - önnur skólastig og nærsamfélagið		X			
Umbótaáðgerðir/þróunarstarf	X	X	X	X	X
Ráðstöfun auðlinda		X			

## 3. Lokaorð

Samkvæmt lögum ber framhaldsskólum að skipuleggja árlegar rannsóknir á skólastarfinu í þeirri viðleitni að gera skólastarfið eins gott og mögulegt er á öllum sviðum þess. Sjálfsmatið sem er formlegt og altækt hefur stöðugt vaxið að umfangi í Menntaskólanum í Reykjavík. Reynt er að rannsaka sem flesta þætti skólastarfsins með það fyrir augum að gera umbætur þar sem þess telst þörf til að árangur af starfi MR verði sem bestur fyrir alla starfsmenn og nemendur skólans. Við gerð og undirbúning sjálfsmatsins er viðhaft ákveðið ferli þar sem mynduð eru starfsteymi sem setja fram matsspurningar og ákveða viðmið. Loks eftir greiningu gagna er umbótaáætlun gerð

og hrundið í framkvæmd. Starfsmenn eru hvattir til að taka þátt í gæðamatinu, með eiginlegum og meginlegum rannsóknum. Með sjálfsmati eru tækifæri til að bæta eigið starf og árangur nemenda í samræmi við skólanámskrá Menntaskólans í Reykjavík öllum til hagsbóta.